

Sp.

98. Tillaga til þingsályktunar

um breyting á löggjöf um héraðsskóla.

Flm.: Jónas Jónsson, Bjarni Bjarnason.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frv. um þá breyting á löggjöf og skipulagi héraðsskólanna, að bóklegt nám verði minna en nú tíðkast, en kennsla í verklegum störfum karla og kvenna aukin, svo að hún verði allt að 2 stundir daglega fyrir hvern nemanda. Jafnframt verði skólunum veittur riflegri stofnstyrkur, svo að þeir geti á næstu árum komið upp nauðsynlegum vinnustofum fyrir þessa kennslu og fullkomnað skólana svo um áhöld og húsbúnað, að þeir geti orðið fullkomnir gististaðir að sumrinu til, eftir þeim kröfum, sem sanngjarn er að gera hér á landi.

Greinargerð.

Héraðsskólarnir taka nú móti um 500 nemendum árlega og eru nú þegar, að því er snertir sveitirnar og hin minni kaupún, þær stofnanir, sem æskan leitar mest til. Það er almennt viðurkennt, að heimilislífið í þessum skólum, íþróttalífið, söngur og vakning í þjóðlegum fræðum fullnægir sanngjörnum kröfum þeirra, sem senda þangað sonu sína og dætur. En reynslan sýnir jafnframt, að þessi fjölmenni æskumanna hópur þarf að fá aðstöðu til meira verklegs náms, en því verður ekki komið við nema með auknum húsakosti og breyttri kennslu. Piltarnir þurfa að læra steinsteypu, trésmíði, einfalda húsgagnagerð og undirstöðuatriði í þeirri fræði, hversu reisa má á hag-anlegastan hátt húsakynni fyrir litlar fjölskyldur. Konur þurfa fyrir sitt leyti að fá æfingu í venjulegri matreiðslu, saumum, þrjóni og vefnaði. Allur þorrinn af ungu fólki í byggðum landsins þarf sjálft að geta byggt upp ný heimili, bæði hið ytra og innra, með eigin vinnu. Tilgangurinn með umræddri breytingu á héraðsskólunum er að gera þá svo úr garði, að nemendur þaðan geti hjálpað sér sjálfir við að byggja og endurbyggja landið.

Vinnustofur þær, sem hér er um að ræða, geta verið mjög ódýrar þar, sem hverahiti er eða ódýrt rafmagn. Nemendur á Laugarvatni byggðu sjálfir með 2 smiðum eitt af stærstu leikfímishúsum landsins með hjáverkavinnu á 2 mánuðum. Slíkt hið sama má víðar gera.

Héraðsskólarnir eru nú orðnir helztu gististaðir landsins á sumrin, og bæta þannig úr vöntun, sem tæplega varð leyst á annan hátt. En á öllum skólunum vantar húsbúnað og áhöld til að geta, svo sem sæmd landsins krefur, breytt þeim að sumrinu í nýtzku gististaði. Úr því má að mjög verulegu leyti bæta með vinnukennslu þeirri, sem hér er gert ráð fyrir. Héraðsskólarnir myndu þá byggjast upp smátt og smátt, með margháttari vinnu heimilismanna, um leið og æska landsins fengi þar æfingu, sem yrði ómetanleg fyrir þann mikla fjölda ungmenna, sem gengur í skólana.